

REGLUGERÐ

um 5-50 kg réttthyrningslaga lóð og 1-10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit frá 1994, er kveðið á um aðferðir við gerðarviðurkenningu og frumsannprófun. Samkvæmt þeirri reglugerð er í þessari reglugerð settar tæknilegar kröfur um hönnun á réttthyrningslaga og sívölum lóðum í millinákvæmnisflokki.

Reglugerðin gildir um lóð í millinákvæmnisflokki af eftirfarandi málmassa:

1) Réttthyrningslaga lóð:

5 kg, 10 kg, 20 kg og 50 kg.

2) Sívöl lóð:

1 g, 2 g, 5 g, 10 g, 20 g, 50 g, 100 g, 200 g og 500 g og

1 kg, 2 kg, 5 kg og 10 kg.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Frum sannprófun: (EBE-frumsannprófun) Aðferð, sem lýst er almennt í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit. Í reglugerð þessari er um að ræða aðferð til að ganga úr skugga um að tiltekin lóð séu í samræmi við mælifræðilegar kröfur þessarar reglugerðar, m.a. um leyfilegt hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning: (EBE-gerðarviðurkenning) Gerðarviðurkenning byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir skilgreindum kröfum. Gerðarviðurkenning er venjulega forsenda frumsannprófunar. Lóð þurfa ekki gerðarviðurkenningu.

4. gr.

Markaðssetning og merkingar.

Lóð sem mega hafa EBE-merki og tákn eru sýnd og þeim lýst í viðauka I. – IV. Þau þurfa ekki að fá gerðarviðurkenningu heldur eingöngu frumsannprófun.

Óheimilt að neita, banna eða takmarka að réttthyrningslaga eða sívöl lóð af millinákvæmnisflokki séu sett á markað eða tekin í notkun ef á lóðunum er frumsannprófunarmerki.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2. tölul. IX. kafla, II. viðauka og tilskipun 71/317/EBE um 5 - 50 kg réttthyrningslaga lóð í millinákvæmnisflokki og 1 - 10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI I.**RÉTTHYRNINGSLAGA LÓÐ.****1. Lögun, smíðaeefni og framleiðsluaðferð.**

- 1.1 Lóðin skulu vera rétthyrningslaga og með föstu handfangi sem stendur ekki út úr.
- 1.2. Efni sem nota á:
 - 1.2.1. Lóðið sjálft: grátt steypujárn.
 - 1.2.2. Gerð 1: handfang úr saumlausu stálröri með stöðluðu þvermáli.
Gerð 2: handfang úr steypujárni sem er áfast lóðinu.

2. Stillingar.*Gerð 1.*

- 2.1. Hólfíð er inni í rörlaga handfanginu.
- 2.2. Hólfíð er lokað af með skrúfu úr dregnu látúni eða látúnsskrúfu sem er eins og slétt skífa. Á skrúfunni er rauf fyrir skrúfjárn en fyrir miðju á sléttu skífunni er hola þar sem ná má taki á skífunni til að draga hana út
- 2.3. Skrúfan er innsigluð með blýloki sem gengur inn í hringlaga gróp eða inn í skrúfgang á handfanginu.

Gerð 2.

- 2.4. Hólfíð er í öðrum stöpli lóðsins og er opnanlegt ofan á honum.
- 2.5. Hólfinu er lokað með lítilli plötu úr mjúku stáli.
- 2.6. Stálplatan er innsigluð með blýkúlu sem gengur inn í rauf eins og sýnt er í viðauka II.

3. Stilling.

- 3.1. Þegar nýtt lóð hefur verið stillt með blýhagli skulu tveir þriðju hlutar stillihólfs vera tómir.

4. Staðsetning á merki um frumsannprófun.

- 4.1. Merki um endanlega sannprófun er þrykkt á blýinnsiglið við stillihólfíð.

5. Merkingar og sérstök ták.

- 5.1. Tölur sem sýna málmassa, svo og auðkenni framleiðanda skulu vera ofan á miðhluta lóðsins, grafin í það eða upphleypt
- 5.2. Málmassi lóðsins skal tilgreindur á eftirfarandi hátt:
5 kg, 10 kg, 20 kg, 50 kg.

6. Mál og frávik.

- 6.1. Mælt er fyrir um málin sem farið skal eftir fyrir lóð af mismunandi þyngd í viðauka II (málin eru gefin í millímetrum).
- 6.2. Vikmörk fyrir hin ýmsu lengdarmál lóðsins eru eins og viðtekið er í slíkum framleiðsluðnaði.

7. Heimiluð hámarksfrávik.



Málmassi	Heimiluð hámarksfrávik við frumsannprófun í milligrömmum
5 kg	+ 800 - 0
10 kg	+ 1600 - 0
20 kg	+ 3200 - 0
50 kg	+ 8000 - 0

8. Áferð.

- 8.1. Ef nauðsyn krefur skulu lóð varin gegn ryði með því að þekja þau með efni sem ver þau gegn skemmdum vegna slits og högga.

VIÐAUKI II.

RÉTTTHYRNINGSLAGA LÓÐ.



Tafla yfir málsetningar í mm										ISO / R 261 gengjur																		
Málsterð	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	z	A	B
5 kg	150	85	84	152	88	36	13	20	12	145	18	30	6	5	12	19	16	55	65	M16 x 1,5	1	2	16	18	16,5	16	5	1,5
10 kg	190	95	109	193	97	46	25	20	12	185	25	38	8	6	16	25	35	80	81	M16 x 1,5	1	2	14	18	16,5	16	5	1,5
20 kg	230	115	139	234	117	61	30	32	24	220	30	52	12	8	20	29	50	95	106	M27 x 1,5	2	3	21	30	27,5	27	8	1,5
50 kg	310	155	192	314	157	83	40	32	24	300	40	74	16	10	25	40	80	148	159	M27 x 1,5	2	3	21	30	27,5	27	8	1,5

málsetningum a og d má mæla við

VIÐAUKI III.**SÍVÖL LÓÐ.****1. Lögum, smíðaeefni og framleiðsluaðferð.**

1.1. Sívalningur með flötu, hnappлага handfangi.

1.2. Efni sem nota á: sérhvert efni með eðlismassa 7 til 9,5 g/sm³, með hörku sem er jafn mikil og í steypulátúni hið minnsta, ekki ryðgjarnara eða hættara við að molna en grátt steypujárn og með yfirborðsflöt sem er sambærilegur við steypujárn sem er vandlega steyppt í móti úr fínunum sandi.

Ekki skal nota grátt steypujárn í lóð sem hefur minni málmassa en 100 g.

1.3. Framleiðsluaðferð skal miðast við það efni sem lóðið er úr.

2. Stilling.

2.1. Hólfíð skal vera sívalt og stærra að ummáli í efsta hluta þess.

2.2. Hólfíð skal lokað af með skrúfu úr dregnu látúni eða látúnsskrúfu sem er eins og slétt skífa. Á skrúfunni er rauf fyrir skrúfjárn en fyrir miðju á sléttu skífunni er hola þar sem ná má taki á skífunni til að draga hana út.

2.3. Skrúfan skal innsigluð með blýloki sem gengur inn í hringлага gróp sem holuð hefur verið í víðari hluta hólfins.

2.4. Ekki er þörf á stillihólfi í 1, 2, 5 og 10 g lóðum.

2.5. Frjálst er hvort stillihólf er í 20 og 50 g lóðum.

3. Stilling.

3.1. Þegar nýtt lóð hefur verið stillt með blýhagli skulu tveir þriðju hlutar stillihólfs vera tómir.

4. Staðsetning á merki um frumsannprófun.

4.1. Merki um endanlega sannprófun skal þrykkt á blýinnsiglið við stillihólfíð.

4.2. Hafi lóðið ekki stillihólf skal merkinu þrykkt neðan á það.

5. Merkingar og sérstök tákn.

5.1. Tölur sem sýna málmassa, svo og auðkenni framleiðanda skulu vera ofan á handfangi lóðsins, grafin í það eða upphleypt

5.2. Málmassa lóðsins má þó tilgreina á sjálfu lóðinu ef það er 500 g til 10 kg.

5.3. Málmassi skal nefndur á eftirfarandi hátt:

1 g, 2 g, 5 g, 10 g, 20 g, 50 g, 100 g, 200 g, 500 g,
1 kg, 2 kg, 5 kg, 10 kg.

6. Mál og frávik.

6.1. Mælt er fyrir um málin sem farið skal eftir fyrir lóð af mismunandi þyngd í auka IV. (málin eru gefin í millímetrum).

6.2. Vikmörk fyrir hin ýmsu lengdarmál lóðsins eru eins og viðtekið er í slíkum framleiðsluiðnaði.

7. Heimiluð hámarksfrávik.


Málmassi	Heimiluð hámarksfrávik í milligrömmum við frumsannpröfun
1 g	+ 5 - 0
2 g	+ 5 - 0
5 g	+ 10 - 0
10 g	+ 20 - 0
20 g	+ 20 - 0
50 g	+ 30 - 0
100 g	+ 30 - 0
200 g	+ 50 - 0
500 g	+ 100 - 0
1 kg	+ 200 - 0
2 kg	+ 400 - 0
5 kg	+ 800 - 0
10 kg	+ 1600 - 0

8. Áferð.

8.1. Ef nauðsyn krefur skulu lóð varin gegn ryði með því að þekja þau með efni sem ver þau gegn skemmdum vegna slits og högga; þau má fægja.

VIÐAUKI IV.

SÍVÖL LÓÐ



Mál- stærð	Tafla yfir málsetningar í mm										ISO/R 261 gengjur																	
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o	p	q	r	s	t	u	v	w	x	y	z		
1 g	6	5,5	3	Breytilegt. Fer eftir hvaða efni er notað	0,5	0,9	0,5	-	1	}																		
2 g	6	5,5	3		0,5	0,9	0,5	-	1																			
5 g	8	7	4,5		0,7	1,25	0,5	-	1		Án stillihólfs																	
10 g	10	9	6		0,8	1,5	0,5	-	1																			
20 g	13	11,5	7,5		1	1,8	0,5	10°	1,5																			
20 g	13	11,5	7,5		1	1,8	0,5	10°	1,5		5,5	2,5	3	M4 x 0,5	9	18	6,5	1,5	1	5	5	1	1	0,5	0,5	1	1	
50 g	18	16	10		1,5	2,5	1	10°	2	Án stillihólfs																		
50 g	18	16	10		1,5	2,5	1	10°	2	7,5	3,5	4,5	M6 x 0,5	10	25	9	2	1	7	5	1	1,5	0,75	0,75	1,5	1,5		
100 g	22	20	13		2	3,5	1	10°	2	7,5	3,5	4,5	M6 x 0,5	10	30	9	2	1	7	5	1	1,5	0,75	0,75	1,5	1,5		
200 g	28	25	16		2,5	4	1,5	10°	3,2	10,5	4,5	7	M8 x 1	15	40	12	2,5	1,5	10	8	2	2	0,75	1	1,5	2		
500 g	38	34	22		3	5,5	1,5	10°	3,2	10,5	4,5	7	M8 x 1	15	50	12	2,5	1,5	10	8	2	2	0,75	1	1,5	2		
1 kg	48	43	27		4	7	2	10°	5	18,5	7	12	M14 x 1,5	20	65	20	4	2,5	18	13	3	3	1	1,5	1,5	3		
2 kg	60	54	36		5	9	2	10°	5	18,5	7	12	M14 x 1,5	20	80	20	4	2,5	18	13	3	3	1	1,5	1,5	3		
5 kg	80	72	46		6,5	12	2	10°	10	24,5	8	18	M20 x 1,5	35	120	26,5	4	2,5	24	18	3	4	1,5	2	1,5	3		
10 kg	100	90	58		8,5	15	3	10°	10	24,5	8	18	M20 x 1,5	35	160	26,5	4	2,5	24	18	3	4	1,5	2	1,5	3		